

Erindisbréf

Skipulags- umhverfis- og samgöngunefnd 1gr.

Skipulags- umhverfis- og samgöngunefnd er skipuð af sveitarstjórn Kjósarhrepps á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin annast þau verkefni sem sveitarstjórn felur nefndinni á sviði skipulags-umhverfis- og samgöngumála eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2.gr.

Skipulags- umhverfis- og samgöngunefnd Kjósarhrepps er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og kjörtímabil hennar er sama og sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara. Nefndin getur skipað ritara utan nefndarinnar.

Auk nefndarmanna á sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi nefndarinnar, ásamt verkefnastjóra Skipulags- og byggingarsviðs með málfrelsi og tillögurétt. Nefndinni er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um. Skipulagsfulltrúi og verkefnastjóri Skipulags- og byggingarsviðs starfa með nefndinni.

3. gr.

Verkefnastjóri Skipulags- og byggingarsviðs sér um að boða nefndina til fundar í samráði við formann hennar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og fundartíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð rafrænt með dagskrá til nefndarmanna. Fundarboðið ásamt fylgigögnum er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Kjósarhrepps.

4. gr.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á ákveðnum fundartíma, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal nefndin ákveða nánar um fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við verkefnastjóra Skipulags- og byggingarsviðs. Heimilt er að fella niður fundi nefndarinnar í ágúst vegna sumarleyfa.

5. gr.

Skipulags- umhverfis og samgöngunefnd annast þau störf sem sveitarstjórn felur henni á sviði Skipulags- umhverfis- og samgöngumála.

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn Kjósarhrepps, siðareglna kjörinna fulltrúa Kjósarhrepps og góða stjórnsýslumeðferð.

Nefndin fer með verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða lögbundin verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingamál samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010, náttúruverndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, úrgangsmál samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Nefndin skal jafnframt fara með landbúnaðarmál, sbr. lög um búfjárhald nr. 38/2013 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994, samgöngu og umferðarmál sbr. umferðarlög nr. 77/2019.

Nefndin fer ekki með fullnaðarákvörðunarvald, heldur gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála.

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi :

- Að vera sveitarstjórn sem og öðrum nefndum sveitarfélagsins til ráðuneytis á sviði skipulags-, umhverfis- og samgöngumála.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumótun í þeim málaflokkum sem undir nefndina falla og gera tillögur til úrbóta til sveitarstjórnar.
- Að hafa eftirlit með því að stefnum sveitarfélagsins í þeim málaflokkum sem undir nefndina heyra sé fylgt eftir og þær endurskoðaðar með reglulegu millibili.
- Að leggja fram skipulagstillögur til sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög.
- Að veita umsögn um umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umsóknir um leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum skv. 48. gr. sömu laga.
- Að fjalla um umsóknir um byggingarleyfi sem samræmast ekki gildandi skipulagi.
- Að hafa umsjón og eftirlit með gerð umhverfisáætlana fyrir sveitarfélagið.
- Að koma með tillögur inn í fjárhagsáætlun hvers árs er varða þau málefni sem undir nefndina falla.
- Að koma með tillögur um skipulag og framkvæmd úrgangsmála, árstíðarbundin hreinsunarverkefni og því er almennt tengist málaflokknum.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi samstarf við önnur sveitarfélög, hagsmunaaðila, samstarfsaðila og einstaklinga um málefni sem undir nefndina heyra.
- Að stuðla að aukinni upplýsingagjöf í skipulagsmálum , úrgangsflokkun og fræðslu um náttúruvernd m.a. réttindi og skyldur opinberra aðila, landeigenda og almennings.
- Gera tillögur til hreppsnefndar um markmið í málaflokkum sem undir nefndina heyra og hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- Nefndin skal sinna öðrum málefnum sem undir hana heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn felur henni.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Kjósarhrepps, eftir atvikum, s.s. ákvæði IV. kafla samþykktar um stjórn Kjósarhrepps sem varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.